

Leiðbeiningar vegna boðaðs verkfalls aðildarfélaga BSRB

Boðaðar verkfallsaðgerðir aðildarfélaga BSRB eru tvíþættar.

- Annars vegar mun stór hópur félagsmanna BSRB leggja niður störf á fyrirfram tilgreindum tíma, einn til tvo daga í senn.
- Hins vegar hefur ótímabundið verkfall verið boðað frá og með 15. apríl 2020 hafi samningar ekki tekist fyrir þann tíma. Meðfylgjandi er listi yfir þau aðildarfélög BSRB sem eru að fara í verkfall og tímasetningar þær sem um ræðir.

Komi til verkfalla gildir eftirfarandi:

Allir starfsmenn sveitarfélaga sem eru félagsmenn í aðildarfélagi BSRB og eru í starfi sem ekki er á auglýstum undanþágulista hlutaðeigandi sveitarfélags, sbr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, leggja niður störf. Upplýsingar um þá er að finna á skrifstofu bæjastjóra eða hjá starfsmannastjóra viðkomandi sveitarfélags.

Þeir starfsmenn sem starfa á viðkomandi vinnustað og eru ekki í verkfalli vinna sín venjubundnu störf, starfskyldur þeirra eiga hvorki að aukast né minnka þrátt fyrir verkfall. Þar sem skörun er á störfum starfsmanna í verkfalli og annarra starfsmanna er rétt að hafa í huga, þegar starfssvið þeirra er ákveðið, að skýra það fremur þrengra en rýmra. Þannig er tryggt að starfsmenn geti færst undan störfum sínum ef þeir telja sig ganga inn á starfssvið þeirra sem í verkfalli eru.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna skal nefnd skipuð fulltrúum frá hvorum deiluaðila ákveða hverja má kveða til starfa tímabundið til að afstýra neyðarástandi. Um raunverulegt neyðarástand þarf að vera að ræða. Mat þessarar nefndar er endanlegt.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd verkfallanna sker Félagsdómur úr náist ekki samkomulag milli aðila. Sambandið fer með aðildina fyrir þau sveitarfélög sem í hlut eiga.

Atriði sem sveitastjórnir þurfa að huga að vegna fyrirhugaðs verkfalls BSRB

- Taka saman lista yfir þá starfsmenn sveitarfélags sem verkfallið nær til og ekki eru undanþegnir verkfalli samkvæmt 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- Athuga mönnun á hverjum stað fyrir sig. Hve margir starfsmenn leggja niður störf í verkfalli og hve margir starfsmenn fara ekki í verkfall.
- Hve víðtækri starfsemi er hægt að halda úti með þeim sem eru á undanþágulista.
- Ef skerða þarf þjónustuna með hvaða hætti á að gera það.
- Tilkynna foreldrum barna, íbúum, þjónustuþegum og aðstandendum þeirra um þá skerðingu á þjónustu sem nauðsynleg er og kanna hvort aðstandendur geti sinnt ættingjum sínum meira ef þörf er á. Afar líklegt er að endurskoða þurfi starfsemina reglulega meðan á verkfalli stendur og því ekki ráðlegt að taka ákvarðanir um umfang starfseminnar nema fyrir nokkra daga eða hámark viku í senn.

Forstöðumanni stofnunar ber að sjá til þess að starfsemi og þjónusta stofnunarinnar truflist sem minnst vegna verkfallsins. Stofnunin heldur starfsemi sinni áfram enda fara einungis þeir í verkfall sem það hafa löglega boðað. Forstöðumaður getur sem stjórnandi stofnunar gengið sjálfur í öll störf, m.a. ræstingar, framreiðslu matar og sinnt gæslu í frímínútum svo eitthvað sé nefnt. Stofnunin getur þannig starfað áfram svo lengi sem henni hefur ekki verið lokað af heilbrigðiseftirlitinu vegna óþrifa. Forstöðumanni ber þannig að sjá til þess að stofnunin sé starfandi eftir sem áður með því starfsfólki sem ekki er í verkfalli. Þótt starfsmenn séu í aðildarfélagi BSRB sem leggi niður störf hefur forstöðumaður eftir sem áður óskoraðan stjórnunarrétt til að skipuleggja og stýra verkum undirmanna sinna og gera aðrar stjórnunarlegar ráðstafanir vegna starfseminnar, þó í samræmi við ofangreint.

Fjarvera starfsmanna í aðildarfélagi BSRB vegna verkfalls getur haft í för með sér t.d. að stytta þurfi viðverutíma skólabarna í skólum. Sveitarfélag/skólastjóri þarf í slíkum tilfellum að undirbúa og tilkynna foreldrum fyrirfram hvernig draga þurfi tímabundið úr starfsemi.

Störf á undanþágulista eiga að vera samkvæmt *starfsheiti* en ekki *nafni* einstaklings. Rétt er að sá einstaklingur sem á vakt samkvæmt skipulagðri vaktskrá á að manna stöðu samkvæmt heimild á undanþágulista. Samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir og þeirra stéttarfélaga sem samið er við skal leggja fram vaktskrá sex vikum áður en hún tekur gildi. Þrátt fyrir heimild til að gera breytingar á vaktskrá með skemmri en 24 tíma fyrirvara gegn greiðslu er ekki ráðlegt að beita því ákvæði í því viðkvæma ástandi sem verkfall er. Stjórnendur eru hvattir til að halda sig við þá vaktskrá sem hefur verið skipulögð. Starfsmenn þeir sem vinna þessar vaktir eiga að fá að fullu greitt samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Mælt er með að hafa samráð við stéttarfélögin um vinnutilhögun í verkfalli til að forðast árekstra, t.d. að tveir starfsmenn eigi vakt á sama tíma samkvæmt skipulagðri vaktskrá og einungis er undanþáguheimild fyrir annað starfið.

Mikilvægt er að forstöðumaður sinni stjórnunarskyldu sinni og lágmarki þá truflun á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar sem getur orðið, komi til verkfalls. Áríðandi er þó að hafa í huga að í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna stendur:

„Þegar verkfall er löglega hafið er þeim sem það beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra því með aðstoð einstakra félagsmanna þess félags sem að verkfallinu stendur.“

Forstöðumanni ber að öðru leyti að fara að þeim fyrir mælum sem sveitarfélagið setur um hvernig bregðast skuli við komi til verkfalls.

Laun

Þeir starfsmenn sem eru í verkfalli þiggja ekki laun meðan á því stendur, laun í veikindaleyfum, námsleyfum og önnur leyfi á launum falla niður meðan verkfall varir. Hið sama á við um laun starfsfólks í orlofi, það fær ekki laun í verkfalli. Vegna greiðslu launa til félagsmanna í verkfalli er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

Frádráttur launa vegna vinnustöðvunar

- Ekki eru greidd laun í verkfalli.
- Veikindalaun falla niður meðan á verkfalli stendur, skiptir ekki máli hvort veikindi hófust fyrir eða eftir að verkfall hófst.
- Starfsmenn ávinna sér ekki veikindarétt meðan á verkfalli stendur.
- Laun í námsleyfum og öðrum leyfum falla niður.
- Laun til þeirra sem eru í orlofi falla niður.
- Starfsmenn vinna sér ekki inn rétt til orlofs og orlofslauna meðan á verkfalli stendur.

Greiðsla launa til þeirra sem eru á undanþágulistum

Þeir starfsmenn sem eru á undanþágulistum fá greidd laun að fullu alveg eins og ef ekki væri verkfall. Starfsmenn þeir sem vinna vaktir eiga að fá að fullu greitt samkvæmt grunnreglum kröfuréttar og vinnuréttar um gagnkvæmni og greiðslu verkkaups, sbr. Hrd. 614/2017 (Ljósmeðradómurinn).

Leiðbeiningar þessar sendar til framkvæmdastjóra, mannauðstjóra og launafulltrúa sveitarfélaga.

Vinsamlega áframsendið þessar leiðbeiningar til þeirra er málið varðar innan sveitarfélagsins.

Verkfallsaðgerðaráætlun aðildarfélaga BSRB

9.mar	mán.	13 félög	SLFÍ		Frístund	
10.mar	þri.	13 félög	SLFÍ	LSS	Frístund	
11.mar	mið.				Frístund	
12.mar	fim.				Frístund	
13.mar	fös.				Frístund	
14.mar	lau.				Frístund	
15.mar	sun.				Frístund	
16.mar	mán.				Frístund	
17.mar	þri.	13 félög	SLFÍ		Frístund	
18.mar	mið.	13 félög	SLFÍ	LSS	Frístund	
19.mar	fim.				Frístund	Leiksk.
20.mar	fös.				Frístund	Leiksk.
21.mar	lau.				Frístund	
22.mar	sun.				Frístund	
23.mar	mán.				Frístund	
24.mar	þri.	13 félög	SLFÍ		Frístund	
25.mar	mið.				Frístund	Leiksk.
26.mar	fim.	13 félög	SLFÍ	LSS	Frístund	
27.mar	fös.				Frístund	Leiksk.
28.mar	lau.				Frístund	
29.mar	sun.				Frístund	
30.mar	mán.				Frístund	
31.mar	þri.	13 félög	SLFÍ		Frístund	

1.apr	mið.	13 félög	SLFÍ	LSS	Frístund
2.apr	fim.				Frístund
3.apr	fös.				Frístund
4.apr	lau.				Frístund
5.apr	sun.				Frístund
6.apr	mán.				Frístund
7.apr	þri.				Frístund
8.apr	mið.				Frístund
9.apr	fim.				Frístund
10.apr	fös.				Frístund
11.apr	lau.				Frístund
12.apr	sun.				Frístund
13.apr	mán.				Frístund
14.apr	þri.				Frístund
15.apr	mið.				Allsherjarverkfall
16.apr	fim.				Allsherjarverkfall
17.apr	fös.				Allsherjarverkfall
18.apr	lau.				Allsherjarverkfall
19.apr	sun.				Allsherjarverkfall
20.apr	mán.				Allsherjarverkfall
21.apr	þri.				Allsherjarverkfall
22.apr	mið.				Allsherjarverkfall
23.apr	fim.				Allsherjarverkfall
24.apr	fös.				Allsherjarverkfall
25.apr	lau.				Allsherjarverkfall

Allsherjarverkfall hjá 13 aðildarfélögum sem nær til allra félagsmanna dagana 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars og 31. mars og 1. apríl frá kl. 00 til kl. 00.

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
FOSS, stéttarfélag í almannajónustu
Kjölur – stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
Starfsmannafélag Fjallabyggðar
Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
Starfsmannafélag Húsavíkur
Starfsmannafélag Kópavogs
Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
Starfsmannafélag Suðurnesja
Starfsmannafélag Vestmannaeyja

Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu ótímatundin verkföll frá 9. mars kl. 00.

Verkfall allra félagsmanna hjá Akraneskaupstað.
Verkfall allra félagsmanna hjá Seltjarnarnesbæ sem starfa í grunn- og leikskólum, skólaskjóli / frístundamiðstöð og starfsmenn mötuneytis Mýrarhúsaskóla.

Grunnskólar og frístundaheimili ótímatundin verkföll frá 9. mars kl. 00.

Verkfall starfsmanna á frístundaheimilum grunnskóla Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar og Mosfellsbæjar.

Sjúkraliðafélag Íslands dagana 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars og 31. mars og 1. apríl frá kl. 00 til kl. 00.

Verkfall hjá Akureyrarbæ frá kl. 8 til kl. 00.

Landsamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Verkfall 10. mars og 18. mars frá kl. 10 til kl. 15.

Verkfall 26. mars og 1. apríl frá kl. 10 til kl. 18.

Starfsmenn í leikskólum í Kópavogi og Mosfellsbæ dagana 19. og 20. mars, 25. mars og 27. mars.

Verkfall hálfan dag frá kl. 12 til kl. 17.